

Fyrsti fundur Deltadeildar starfsárið 2021 – 2022 haldinn miðvikudaginn 29. september í Tónlistarskólanum á Akranesi kl. 18:30, fyrir formlegan fund hófst kl. 17:30 heimsókn til Helenu Guttormsdóttur lektors við Landbúnaðarháskóla Íslands á heimili hennar við Bjarkargrund 20 þar sem jafnframt er vinnustofa föður hennar og nú hennar.

Mættar voru Jónína Eiríksdóttir, Halldóra Jónsdóttir, Þórunn Reykdal, Jónína Erna Arnardóttir, Theódóra Þorsteinsdóttir, Valgerður Janusdóttir, Soffía Sigurjónsdóttir, Sóley Sigurþórsdóttir, Guðlaug Sverrisdóttir, Jensína Valdimarsdóttir, Dagný Emilsdóttir, Ásta Egilsdóttir.

1. 17:30 Heimsókn til Helenu Guttormsdóttur á Bjarkargrund 20 Akranesi kl. 17:30
Helena sagði sögu sína og þróun þess að hún er það sem hún er í dag og kom þar við sögu saga föðurleggs hennar frá Uppsala í Svíþjóð. Mjög áhugaverð og fjölbreytt efni sem hún sýndi okkur.

Eftir heimsókn til Helenu færði hópurinn sig yfir í Tónlistarskólann þar sem Jónína Erna tók á móti hópnum.

2. Jónína Erna kveikt á kertum
3. JEA fór yfir fundargerð síðasta fundar þar sem VJ ritari sat ekki þann fund. JEA áréttaði samþykkt fyrri fundar um að fundargerðir væru ekki lesnar upp á fundum þar sem þær væru sendar út til samþykktar á alla félagsmenn eftir hvern fund, nóg væri að fara yfir helstu atriði fundarins.
JEA ræddi jafnframt inntöku nýrra félagskvenna og stakk upp á að Ingu Dóru Halldórsdóttur væri boðið inn í félagið en einnig að Gunnhildur Björnsdóttir sem hefur verið boðið og mætt hjá okkur verði tekin inn formlega í vetur í Delta deild.
4. Þórunn Reykdal sagði okkur á sinn skemmtilega hátt „hver hún væri „ og sagði okkur frá mikilvægum áhrifum í lífshlaupi sínu, fyrirmyndum, löngunum og ákvörðunum. Áhugverð frásögn lífsglaðrar konu sem sagði um leið sögu þjóðfélagsbreytinga og viðhorfa. Þórunn varð nýlega 70 ára og fékk af því tilefni rós frá Delta-konum.
5. Orð til umhugsunar: Jensína Valdimarsdóttir fjallaði um orðið Traust, sem er landsmönnum ofarlega í huga um þessar mundir. En JV fjallaði um skilgreiningu á hugtakinu og þróun traust í íslensku samfélagi frá hrúni. Einnig fjallaði hún um mikilvægi traust í samskiptum fólks og samfélaginu öllu.
6. Rætt um uppstillinganefnd. Áréttað var, að áður var samþykkt til að einfalda málið, að þá sætu í henni þær konur sem gengu úr síðustu stjórn á undan. Þannig að núna sitja í uppstillinganefnd; Jónína Eiríks, Dagný Emils og Þórunn Reykdal.
7. Lagið mitt: JEA valdi þjóðlagið Kvöldið tekur sest er sól og spilaði hún undir hópsöng.
8. Matur: boðið var upp á nautakjöt með tilheyrandi og súkkulaðiköku í eftirrétt og happdrættivinningurinn gekk í þetta sinn til Dagnýjar!

Fundi slitið
Valgerður Janusdóttir